

## GJALDSKRÁ

fyrir kattahald á Siglufirði.

1. gr.

Eigendur katta í Siglufjarðarkaupstað skulu greiða bæjarsjóði skráningargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald í Siglufjarðarkaupstað frá 8. ágúst 2001, sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattarins skal innheimta gjald að upphæð kr. 1000.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar með vísan í samþykkt um kattahald í Siglufjarðarkaupstað frá 8. ágúst 2001 staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Siglufirði, 21. maí 2002.*

**Guðmundur Guðlaugsson** bæjarstjóri.